

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

6. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2018-2019

7. maí 2019 kl. 11:40 – 13:00 í Heppuskóla – stofu 8

Á fundinum var boðið upp á hádegismat

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Steinunn Hödd Harðardóttir, Gunnhildur Imsland, Kristín Hermannsdóttir, Fjóla Hrafnkelsdóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir

Dagskrá :

- Íþróttaskóli fyrir 1.-2. bekk – Kátakot** Veturinn 2019-2020 lítur út fyrir að um 70 börn gætu orðið í Kátakoti. Núverandi húsnæði verður því of lítið og mikilvægt að finna út hvernig hægt er að ráða bót á því. Komið hefur til tals að bæta við einni lausri stofu en það er fremur óhagkvæmt. Einnig hefur komið til tals að auka samstarf við Sindra og koma jafnvel á íþróttaskóla í einhverri mynd og hugsanlega gæti það dregið úr húsnæðisþörfinni. Ýmsar hugmyndir komu fram og málin rædd fram og til baka. Niðurstaðan var að sama hvort komið yrði á íþróttaskóla eða ekki þá væri mikilvægt að bæta við núverandi húsnæðið Kátakots. Inn í umræðuna komu einnig húsnæðismál skólans almennt og í framhaldi af því var ákveðið að beina þeim orðum til fræðslu- og tómstundanevndar að farið verði í að skoða húsnæðismál skólans í heild sinni og móta stefnu um þau til framtíðar. Mikilvægt er að hafa stefnu um hvernig skólahúsnæði á að þróast svo hægt sé að byggja það markvisst upp en ekki setja plástra hér og þar þegar upp koma mál eins og er að gerast núna í Kátakoti. Við gætum verið að sigla inn í tíma þar sem bekkjarstærðir eru fremur óhagstæðar bæði er varðar skiptingu í bekk og húsnæði. Í Hafnarskóla rúma fæstar stofur orðið þær bekkjarstærðir sem eru í flestum árgöngum. Enginn salur tilheyrir skólanum sem hamlar starfinu á ýmsan hátt. Í matsalnum í Hafnarskóla bergmálar gríðarlega en þar fyrir utan er hann undirlagður fyrir mat allan daginn og ekki hægt að nota hann til annars. Í sumar verður farið í bráðabirgðar endurbætur á heimilsfræðistofu í Heppuskóla sem hefur verið á undanþágu í mörg ár. En framtíðarskipulag þess húsnæðis liggur ekki fyrir og því verður einungis um bráðabirgðar endurbætur að ræða. Vonandi á svo eftir að fjölga í sveitarfélaginu þannig að það verði aftur tvær bekkjarstærðir í hverjum árgang og þá er skólinn hreinlega orðinn of lítill.
- Persónuverndarmál, samþykkisblöð.** Þórgunnur fór sýndi fundarmönnum ný innritunarblöð og samþykkisblöð sem eiga að standast kröfur persónuverndarlaga. Í næstu viku verða nýir nemendur innritaðir og þá þarf að nota ný eyðublöð. Rætt um að mikilvægt væri að koma þessu blöðum á rafrænt form.
- Starfsáætlun næsta vetra**
 - Skóladagatal** fyrir veturinn 2018-2019 er komið inn á heimasíðu skólans.

- b. **Mannaráðningar.** Útlit er fyrir litlar mannbreytingar í skólanum og þær stöður sem verið er að auglýsa eru flestar þegar mannaðar en ekki með fullmenntuðu fólki. Auglýsingar í gangi á heimasíðunni og ein farin í Morgunblaðið. Nokkrar umsóknir hafa borist og nú er verið að vinna í þeim. Búið er að raða niður umsýðnarkennurum fyrir næsta vetur. Útlit er fyrir að það þurfi að auglýsa eftir 1-2 stuðningsfulltrúum. Annað óljóst
- c. **Framkvæmdir.** Framkvæmdir hafnar í Vöruhúsi og á þeim að ljúka 15. okt nk..
- d. **Námskrár.** Bekkjarnámskrár skoðaðar í vor. Vinna í hæfnikortunum á í mentor stöðugt í gangi. Fram kom að heimavinna í mentor er ekki að skila sér og kemur of seint inn. Hún þyrfti að vera komin inn seinni part fimmtudags.
- e. **Námskeið** – Þórgunnur sagði frá námskeiði sem HÍ ætlar að vera með í skólanum næsta vetur. Þetta er 10 eininga háskólanámskeið sem kennarar geta tekið til eininga en allir munu taka einhvern þátt í námskeiðinu. Þetta er í fyrsta sinn sem HÍ er með svona námskeið og er það spennandi leið til að stytta leiðina milli vettvangs og fræðasviðs.
- f. Að lokum komu fram áhyggjur foreldra af starfsemi Þrykkjunnar og ákveðið að koma þeim áhyggjum áfram til fræðslunefndar